

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	22.09.2015
Málalýkill	04.18
Mál nr.	1412018

Bæjarráð Garðabæjar,
Leikskólanefnd Garðabæjar,
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 3. september 2015

**Efni: Fyrirspurn um eftirfylgni við erindi foreldraráðs og foreldrafélags
leikskólans Kirkjubóls í tilefni af gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 –
sbr. erindi dags. 5. nóvember 2014 varðandi mönnun á leikskólanum**

Vísað er til fyrri samskipta foreldraráðs og foreldrafélags leikskólans Kirkjubóls við Garðabæ, sbr. erindi dags. 5. nóvember 2014 varðandi mönnun á leikskólanum Kirkjubóli. Í bréfinu var vakin á því athygli að stöðugildum á leikskólanum hefði fækkað um tvö á tveggja ára tímabili, frá 2012-2014, þrátt fyrir að barnafjöldinn væri sá hinn sami, á sama tíma og gerðar væru sömu kröfur til leikskólastjórnmenda sem og kennara og annarra leiðbeinenda. Bréfinu var fylgt eftir á fundi forsvarsmanna félaganna með bæjarstjóra og nokkrum starfsmönnum bæjarins hinn 16. desember 2014.

Þá er vísað til svarbréfs Garðabæjar, dags. 18. mars 2015, þar sem tilkynnt var að minnisblað leikskólafulltrúa varðandi mönnun á leikskólum Garðabæjar hefði verið tekið fyrir á fundi bæjarráðs Garðabæjar þann 17. mars 2015, en minnisblaðið var tekið saman að beiðni bæjarráðs í tilefni af ofangreindu erindi félaganna.

Í ofangreindu bréfi Garðabæjar kemur fram að bæjarráð hafi tekið undir tillögur um að styrkja starfsemi skólanna með tilliti til núverandi mönnunar og falið fræðslu- og menningarsviði nánari útfærslu málsins. Þá hafi bæjarráð samþykkt að málið yrði tekið upp að nýju við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 og reynsla af aðgerðum metin með tilliti til endurskoðunar varðandi mönnun á leikskólum.

Foreldraráð og foreldrafélag leikskólans Kirkjubóls vilja hér með þakka fyrir svar bæjarins. Því er fagnað að tekið hafi verið jákvætt í erindið og að vinna hafi farið af stað í kjölfarið.

Þar sem undirbúningur við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2016 er hafinn, mundu félögin gjarnan vilja fylgjast með stöðu málsins. Því er þess vinsamlega farið á leit að upplýst verði hvort, og þá með hvaða hætti, afrakstri af ofangreindri vinnu verði gerð skil í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Stjórnir foreldraráðs og foreldrafélags Kirkjubóls ítreka stuðning sinn við leikskólann, og telja mikilvægt að sem best verði stutt við leikskólann, stjórnendur hans og starfsfólk, og það góða starf sem þar fer fram á hverju degi.

Sem fyrr eru fulltrúar frá félögunum reiðubúnir að mæta á fund hjá bæjaryfirvöldum til að gera nánari grein fyrir málinu og fylgja því eftir, verði eftir því óskað. Tengiliður er Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, formaður foreldraráðs Kirkjubóls, farsími: 898 3249, netfang: johannabryndisbjarnadottir@yahoo.com.

Virðingarfyllst,

Stjórnir foreldrafélags og foreldraráðs leikskólans Kirkjubóls,

Fyrir hönd foreldrafélags Kirkjubóls,

Fyrir hönd foreldraráðs Kirkjubóls,



Edda Lára Lárusdóttir




Guðfinna Ingjaldsdóttir



Guðmunda Á. Geirsdóttir



Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir



Hjördís Eva Þórðardóttir



Ómar R. Valdimarsson



Marina Soju Touring



Steinunn Jónsdóttir

Afrit:

Leikskólafulltrúi Garðabæjar

Leikskólinn á Kirkjubóli, Marta Sigurðardóttir, leikskólastjóri

Foreldrar allra barna á leikskólanum Kirkjubóli (með tölvupósti)